

Dags eftirlits	9.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Þórir Baldursson	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en tveimur ábendingum var komið á framfæri. Ekkert eldra frávik er opið.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var fjárfundur en fulltrúar Umhverfisstofnunar skoðuðu samdægurs kerskála og valin útsvæði hjá rekstraraðila.

Umfang eftirlitsins:

- Kynning á starfsemi fyrirtækisins
- Staðan úr síðasta eftirliti
- Umhverfissvöktun
- Fyrsta ársfjórðungsskýrsla
- Úrgangur og útflutningur úrgangs
- Áhættumat fyrir tíðni eftirlits 2021
- Önnur mál

Rekstraraðili kynnti starfsemi sína með áherslu á losun frá starfseminni og hvernig fylgst er með henni og hún skráð. Rætt var um ASI vottun sem Rio Tinto á Íslandi hefur innleitt hjá sér og hvernig vottunin hefur áhrif á starfsemina.

Nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og mun það byggja á nýlegum BAT kröfum. Rekstraraðili er byrjaður að huga að því hvernig hægt verður að uppfylla nýjar kröfur.

Rekstraraðili skilgreinir atvik sem geta haft áhrif á umhverfið á tvenna vegu, það eru eiginleg umhverfisatvik og hér-um-bil atvik. Rætt var þessa flokkun og hvað skilur umhverfisatvik frá hér-um-bil atvikum. Það er mat í hvert skipti en ástand sem tekur einhvern tíma að leiðrétta eða hefur marktæk áhrif á losun fyrirtækisins flokkast alltaf sem umhverfisatvik. Teymi hjá rekstraraðila fer yfir allar tilkynningar og metur um hvers konar atvik um ræðir.

Fyrsta ársfjórðungsskýrsla 2021 hefur borist stofnuninni. Ekki er tilefni til athugasemda vegna þess.

Umhverfissvöktunarskýrsla rekstraraðila hefur borist Umhverfisstofnun og samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Kópavogs og Hafnafjarðar hefur farið fram.

Kerbrot eru urðuð í flæðigryfju en skautleifar eru fluttar út til endurvinnslu. Þjónustuaðili sem unnið hefur skautleifar frá rekstraraðila mun loka um áramót, vinna við að finna nýjan farveg fyrir efnið er hafin.

Áhættumat fyrir tíðni eftirlits 2021 var kynnt í eftirliti en er fyrirtækið í áhættuflokki B og því er eitt reglubundið eftirlit frá Umhverfisstofnun í ár.

Farið var í skoðunarferð um kerskála og valin útsvæði. Í kerskála var verið var að krabba upp úr kerri og þekja mikið opin. Á plani vestan við kerskála var mikið af gámum og óskaði stofnunin eftir upplýsingum um innihald gámanna, þeir reyndust vera tómir.

ÁBENDINGAR

Hefð hefur verið fyrir því að setja úrgang í flæðigryfju í stórsekkjum. Rekstraraðila er bent á að ekki er heimild í starfsleyfi fyrir því og æskilegt að því verði hætt.

Við eftirlit var þekja á einu kerri sem verið var að krabba upp úr mikið opin. Rekstraraðila er bent á að takamarka opnun kerja til að lágmarka þá losun sem fer upp um rjáfur.

Reykjavík, 12.08.2021

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir